

Aðalstjórn Völsungs

21.2.2019

Vallarhús

kl. 16:30

Mætt: Heiða Elín Aðalsteinsdóttir, Hallgrímur Jónsson, Lilja Friðriksdóttir, Davíð Þórólfsson, Bergþóra Höskuldsdóttir og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Niðurstaða um rekstur á íþróttavelli – 21.2.2019

Minnisblað frá fundi með sveitarstjóra og íþrótt- og æskulýðsfulltrúa.

Lagt fram.

2. Svarbréf fjölskylduráðs við erindi og minnispunktar frá fundi með fjölskylduráði 18.2.2019

13. febrúar 2019 barst Völsungi svar við erindi sem félagið sendi á Norðurþing 10.1.2019.

Eftirfarandi er svar Fjölskylduráðs:

Á 22. fundi fjölskylduráðs Norðurþings 11. feb. 2019 sl., var tekið fyrir neðangreint erindi.

Ósk um stefnumótun Norðurþings í íþrótt- og æskulýðsmálum

Íþróttafélagið Völsungur óskar eftir því að sveitarfélagið myndi sér stefnu í íþrótt- og æskulýðsmálum.

Erindinu frestað og að það verði haft til hliðsjónar við vinnu að forvarnarstefnu Norðurþings. Horft er til þess að framkvæmdastjóri Völsungs verði boðaður á vinnufund ráðsins vegna forvarnarstefnu á 23. fundi fjölskylduráðs.

Afgreiðsla ráðsins er gerð með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar Norðurþings og verður þér gert viðvart verði afgreiðsla á annan veg í sveitarstjórn heldur en hér er tilkynnt.

Fulltrúar Völsungs fóru á fund Fjölskylduráðs 18.2.2019 þar sem til umræðu var forvarnarstefna Norðurþings. Að lokum var rætt um erindið sem Völsungur sendi inn.

Stjórn Völsungs ítrekar óskir sínar til sveitarstjórnar Norðurþings um mikilvægi þess að standa að gerð stefnu í íþrótt- og æskulýðsmálum líkt og önnur sveitarfélög hafa gert.

3. Vinnuhópur um að móta stefnu varðandi skipulag útivistarsvæðis við Reyðarárhjúk

Framkvæmdastjóri Völsungs ásamt Guðrúnu Kristinsdóttur, fyrrverandi formanni Völsungs, voru skipuð í vinnuhóp sem hefur það hlutverk að móta stefnu varðandi skipulag útivistarsvæðis við Reyðarárhjúk. Fyrstu fundur vinnuhópsins fór fram 20.2.2019

Stjórn Völsungs lýsir ánægju sinni með gerð deiliskipulagsins.

4. Fundargerð B&U frá 13.2.2019

Fundargerð barna- og unglingaráðs frá 13.2.2019

Lagt fram.

5. Fundargerð knattspyrnuráðs 18.2.2019

Fundargerð knattspyrnuráðs frá 18.2.2019.

Lagt fram.

6. Gjaldskrá fyrir salinn í vallahúsi

Fyrir fundinum lágu drög að tveimur tillögum.

Gjaldskrá 2 staðfest. Framkvæmdastjóra falið að gera drög að umgengnis- og ábyrgðarreglum.

7. Formannafundur

Drög að fundargerð fyrir formannafund.

Formannafundur verður fimmtudaginn 28. febrúar klukkan 20:00.

Fundi slitið: 17:40